

REGLUGERÐ
um breytingu á reglugerð um að koma á fót
Net- og upplýsingaöryggisstofnun Evrópu nr. 1116/2009.

1. gr.

Innleiðing.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætist nýr staflíður c, sem orðast svo:

- c. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 580/2011 frá 8. júní 2011 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 460/2004 um að koma á fót Net- og upplýsingaöryggisstofnun Evrópu, sem birtist í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 67, dagsett 29. nóvember 2012, á bls. 173, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 171/2012 frá 28. september 2012, sem birtist í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, nr. 70, dags. 13. desember 2012, á bls. 27.

2. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 16. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Innanríkisráðuneytinu, 25. febrúar 2013.

Ögmundur Jónasson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

B-deild – Útgáfud.: 13. mars 2013